

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 8/2018

2019/EES/98/08

frá 9. febrúar 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1154 frá 7. júní 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/1151 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB að því er varðar losun frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum í raunverulegum akstri (Euro 6) ⁽²⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 256, 4.10.2017, bls. 11.
- 3) Reglugerð (ESB) 2017/1151 fellir úr gildi, frá og með 1. janúar 2022, reglugerð (ESB) 692/2008, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 1. janúar 2022.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 45zzu (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012):

„45zzv. **32017 R 1151**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 (Stjttíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **32017 R 1154**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1154 frá 7. júní 2017 (Stjttíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 708), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 256, 4.10.2017, bls. 11.“

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 708.

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 45zu (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 692/2008) og 45zx (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB):

„– **32017 R 1151**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 (Stjtið. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).“

3. Eftirfarandi er bætt við lið 45zzu (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012):

„, eins og henni var breytt með:

– **32017 R 1151**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 (Stjtið. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).“

4. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 45zx (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB):

„– **32017 R 1154**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1154 frá 7. júní 2017 (Stjtið. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 708), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 256, 4.10.2017, bls. 11.“

5. Texti liðar 45zu (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 692/2008) fellur brott frá og með 1. janúar 2022.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2017/1151 og (ESB) 2017/1154, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 256, 4.10.2017, bls. 11, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.